

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson, Nínu Björk Jónsdóttur og Katrínu Einarsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Hörpu Theodórsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007 frá 27. apríl 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga.

Tilskipunin miðar að því að auka trúverðugleika á fjárhagsupplýsingum fyrirtækja, m.a. með því að lagðar eru auknar skyldur og aukin ábyrgð á stjórnarmenn félaga vegna reikningsskila og upplýsinga í ársreikningum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Stefnt er að því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga verði lagt fyrir haustþing 2008.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 19. maí 2008.

Bjarni Benediktsson,
form., frsm.

Árni Páll Árnason.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnheiður E. Árnadóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Siv Friðleifsdóttir.

Guðfinna S. Bjarnadóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

Kristinn H. Gunnarsson.